


Landmótun ehf
Yngvi Þór Loftsson
Hamraborg 12 5h
200 Kópavogur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 1. júní 2011
Tilvísun: UST20110300135/ksj

Lýsing á tillögu breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006 - 2018 vegna Vestfjarðarvegur frá sveitarfélagamörkum Reykhólahrepps að Þverá í Kjálkafirði

Vísað er til erindis Landmótunar ehf. f.h. bæjarstjórnar Vesturbyggðar er barst 24. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna lýsingar á tillögu að breyttu aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018.

Vegagerðin kannaði matsskyldu framkvæmdarinnar Vestfjarðarvegur (60) milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði í janúar 2009. Niðurstaða Skipulagsstofnunar sem barst 27. mars 2009 var að fyrirhuguð framkvæmd kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því háð mati á umhverfisáhrifum. Niðurstaða stofnunarinnar var kærð til umhverfisráðherra og barst úrskurður þann 27. nóvember 2009, þar sem ákvörðun Skipulagsstofnunar var staðfest. Vegagerðin ákvað að meta umhverfisáhrif einnar veglínus á stærsta hluta leiðarinnar. Drög að matsstillögu voru auglýst á vef Vegagerðarinnar nú þann 16. febrúar 2011.

Ástæður breytinga og framkvæmd

Vegagerðin hefur óskað þess að sveitarfélagið fari í breytingu á aðalskipulagi er varðar nýja veglínu á Vestfjarðarvegi nr. 60 á milli Eiðs í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði. Innan Vesturbyggðar er um að ræða 2,4 km langan kafla rétt norðan við Þverá í Kjálkafirði að sveitarfélagamörkunum sem liggja í miðjum Kjálkafirði. Núverandi vegur er um 24 km en nýlögn verður innan við 10 km. Miðað við innri leið í Mjóafirði og ystu leið í Kjálkafirði styttist vegurinn um 5,1 km, en með ytri leið í Mjóafirði fengist 3 km stytting til viðbótar. Skilgreina þarf nýjar námur í Mjóafirði og við Hraun í Kjálkafirði ($40.000 m^3$) þar sem teknir verða um $122.000 m^3$. Skipulagsbreytingin mun gera grein fyrir nauðsynlegum leyfum vegna vegaframkvæmda, helstu umhverfisáhrifum og ef þörf er á að greina frá vöktun umhverfisáhrifa vegna breytrar veglínus.

Breytingin er háð lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem hún er að móta stefnu um tilkynningaskylda framkvæmd. Samkvæmt 6. gr laga um umhverfismat nr. 106/2000, viðauka 2, þarf að kanna matsskyldu framkvæmdarinnar þar sem breytingar á núverandi vegstæði kunna að hafa umtalsverð áhrif. Einnig þarf að kanna matskyldu vegna

nýrra vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum og á svæðum á náttúruminjaskrá, viðauki 2, liður 10c og viðauki 3, liður 2 iii a og b, en framkvæmdarsvæðið er á náttúruminjaskrá og að hluta til á Verndarsvæði Breiðafjarðar (lög.nr. 54/1995). Einnig segir í viðauka 3 að kanna þurfi matskyldu ef fornminjar eru innan við 100 m frá framkvæmdarsvæði en þær njóta verndar samkvæmt þjóðminjalögum nr. 107/2001.

Helstu þættir breytingatillögunnar sem í lýsingu eru taldir geta valdið umhverfisáhrifum, eru vegagerð, efnistaka og brúargerð. Eru áhrifin mismikil á umhverfispætti eftir því hvort um ræðir vega- og brúargerð eða efnistöku.

Efnistaka

Varðandi lýsingu á tillögu að breyttu aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006 - 2018, kemur fram á uppdrætti er fylgir, að efnistaka er áætluð á þrem stöðum merkt E1, E2 og E3.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki má ganga of nærrí umhverfinu þar sem merkt er náma E1 eða í botni Kjálkafjarðar, og þyrfti að koma fram í tillögu að breyttu aðalskipulagi


Vesturbyggðar hve mikil efnistaka er möguleg á E1 svæðinu, án þess að umhverfisáhrif verði umtalsverð.


Viðmið

Í umfjöllun um viðmið í ofangreindri lýsingu eru viðmið varðandi gróður og jarðveg talin upp (tafla 1). Til viðbótar við þau viðmið vill Umhverfisstofnun benda á að í 39. gr laga nr. 44/1999 er fjallað um vernd skóga og annarra gróðursamfélaga. Einnig bendir Umhverfisstofnun á stefnumörkun stjórnvalda varðandi upprunalega birkiskóga, en stefnan kemur fram í skýrslu er gefin var út af umhverfisráðuneytinu í mars 2007 og nefnist: „*Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga, skýrsla og tillögur nefndar.*“ Að mati Umhverfisstofnunar ætti skýrslan og tillögurnar að vera viðmið varðandi tillögu að breyttu aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 - 2018, enda mikið um íslenskan birkiskóg á svæði skipulagsins.

Botnlag og sjávarstraumar

Umhverfisstofnun telur að auk þeirra umhverfispáttta sem skoðaðir verða samkvæmt töflu 1, ætti að rannsaka botnlag og sjávarstrauma innan fyrirhugaðra þverana, vegna hugsanlegra áhrifa ofangreindrar framkvæmdar á lífríki strandsvæðanna.

Virðingarfyllst

Ólafur Á Jónsson
Deildarstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur